

Fræðslusjóður  
Ársreikningur 2015

Skipholti 50B  
105 Reykjavík

# Efnisyfirlit

---

Áritun óháðs endurskoðanda .....	1
Áritun og skýrsla stjórnar .....	2
Rekstrarreikningur .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymi .....	6
Skýringar .....	7

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar í Fræðslusjóði

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fræðslusjóðs fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri bera einnig ábyrgð á því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 22. júní 2016

---

Ingunn H. Hauksdóttir  
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

# Áritun og skýrsla stjórnar

---

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Fræðslusjóður var stofnaður í lok ársins 2010 en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Farið er með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Ekkert stöðugildi var hjá sjóðnum á árinu.

Hlutverk Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu

Við innra eftirlit hjá Fræðslusjóði vegna náms- og starfsráðgjafar 2015 kom í ljós að misræmi var á milli skráningar fræðsluaðila og reglna sjóðsins. Vegna þessa eru færðar 15,3 m.kr. á meðal viðskiptakrafna sem fræðsluaðilar þurfa að skila Fræðslusjóði árið 2016, eða veita viðbótarþjónustu. Fræðsluaðilar eru ósammála niðurstöðu Fræðslusjóðs. Ágreiningur bíður úrlausnar.

Stjórn Fræðslusjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. júní 2016

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Rekstrarreikningur 2015

Rekstrartekjur	Skýr.	2015	2014
Framlag frá ríkissjóði .....		769.500.000	770.600.000
Ólokin verk - Breyting á ónýttu framlagi milli ára .....		(58.916.322)	(36.527.418)
		<u>710.583.678</u>	<u>734.072.582</u>
Rekstrargjöld			
Kennsla og námskeiðahald .....		486.562.567	465.103.459
Raunfærnismat og náms- og starfsráðgjöf .....		211.446.299	230.624.241
Nýsköpunar- og þróunarverkefni í framhaldsfræðslu .....		16.959.650	42.816.885
		<u>714.968.516</u>	<u>738.544.585</u>
Rekstrarafkoma		(4.384.838)	(4.472.003)
Fjáreignatekjur			
Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti .....		4.384.838	4.472.003
		<u>4.384.838</u>	<u>4.472.003</u>
Afkoma ársins		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

# Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2015	2014
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur .....		76.566.085	20.386.906
Handbært fé .....		107.084.038	107.043.580
Veltufjármunir samtals		<u>183.650.123</u>	<u>127.430.486</u>

Eignir samtals 183.650.123 127.430.486

# 31. desember 2015

## Óráðstafað fjármagn og skuldir

	Skýr.	2015	2014
Óráðstafað fjármagn			
Verkefnasjóður frá fyrra ári .....		100.640.609	64.113.191
Fraglag ríkissjóðs til úthlutunar á árinu .....		769.500.000	770.600.000
Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti .....		4.384.838	4.472.003
Úthlutað á árinu .....		(808.542.026)	(781.361.326)
Endurgreiðslur á árinu .....		93.573.510	42.816.741
Óráðstafað fjármagn samtals		<u>159.556.931</u>	<u>100.640.609</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir .....		<u>24.093.192</u>	<u>26.789.877</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>24.093.192</u>	<u>26.789.877</u>
Skuldir samtals		<u>24.093.192</u>	<u>26.789.877</u>
Óráðstafað fjármagn og skuldir samtals		<u><u>183.650.123</u></u>	<u><u>127.430.486</u></u>

# Sjóðstreymi 2015

---

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2015	2014
Afkoma ársins.....		0	0
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Breyting á ónýttu framlagi milli ára .....		<u>58.916.322</u>	<u>36.527.417</u>
Hreint veltufé frá rekstri		58.916.322	36.527.417
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) á rekstrartengdum kröfum .....		(56.179.179)	(15.668.943)
Hækkun (lækkun) á rekstrartengdum skuldum .....		<u>(2.696.685)</u>	<u>(54.226.398)</u>
Handbært fé (til) frá rekstri		40.458	(33.367.924)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		40.458	(33.367.924)
Handbært fé í ársbyrjun .....		107.043.580	140.411.504
Handbært fé í árslok .....		<u>107.084.038</u>	<u>107.043.580</u>



# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sjóðinn

Aðalstarfsemi Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur sjóðsins hafa metið rekstrarhæfi hans og telja að sjóðurinn hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði.

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði.

### Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til fyrirtækisins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum. Eftirfarandi skilyrði þurfa að vera uppfyllt áður en tekjur eru færðar:

#### *Veitt þjónusta*

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru skráðar hlutfallslega miðað við framvindu verksins. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af unnum vinnustundum í hlutfalli af áætluðum heildarvinnustundum verksins. Þegar ekki er hægt að meta útkomu tiltekins samnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2015.